

## Frjálsíþróttaping 2020 - Þinggerð

62. Frjálsíþróttaping, haldið í Kaplakrika í Hafnarfirði, 2. október.

Þinginu er streymt á netinu til að sem flestir geti fylgst með störfum þess þrátt fyrir takmarkandi áhrif kórónuveirunnar.

Formaður setur þing.

Þingforsetar kjörnir Gunnlaugur A. Júlíusson og Gunnar Svavarsson

Þingritarar kjörnir Aðalbjörg Hafsteinsdóttir og Eiríkur Mörk Valsson

Kosning í nefndir þingsins. Tillögur þingforseta samþykktar einróma, en þær voru:

í Kjörbréfanefnd: Kári Steinn Karlsson formaður, Fjóla Signý Hannesdóttir og Aðalbjörg Hafsteinsdóttir

í Laganefnd: Guðmundur Heiðar Guðmundsson formaður, Auður Ólafsdóttir og Áslaug Pálsdóttir

í Allsherjarnefnd: Sigurður Haraldsson formaður, Þuríður Ingvarsdóttir og Rúnar G. Valdimarsson

í Fjárhagsnefnd: Haraldur Úlfarsson formaður, Teitur Ingi Valmundsson og Sólveig Kristjánsdóttir

Þingforseti kynnir tillögu um að þegar mál, sem ekki er samstaða um, komi úr nefndum verði þau ekki rædd heldur vísað til stjórnar FRÍ. Ástæða fyrir þessari tillögu er að tiltölulega margir þingfulltrúar hafa valið að sækja ekki þingið.

**Ávarp formanns**, Freys Ólafssonar:

Þingið rafrænt, þingskjöl á netinu en ekki prentuð.

Frjálsíþróttapingi 2020 verið frestað í tvígang, er því haustþing vegna fordæmalausra aðstæðna.

Formaður minnst látinna gull- og heiðursfélaga. Þeir eru Bogi Sigurðsson, Finnbjörn Þorvaldsson, Haraldur Sigurðsson og Vilhjálmur Einarsson. Þingmenn vottuðu þessum görpum virðingu sína og þakkir með því að rísa úr sætum.

Eigum glæsilega sögu, okkar að skrifa nýja glæsilega kafla.

Mörg sveitarfélög hafa stutt vel við frjálisar, þökk til þeirra sem eiga þakkir skildar.

„Erum við þjóð meðal þjóða?“ Formaður lýsir eftir þjóðarleikvangi fyrir frjálsíþróttir, aðstöðu sem gerir okkur mögulegt að bjóða öðrum þjóðum til frjálsíþróttakeppni á Íslandi.

Í lok ávarpsins kynnir formaður nýtt auðkenni merki og ásynd FRÍ fyrir nýja tíma.

Sérstakt myndband var gert af þessu tilefni og er það aðgengilegt á vefsvæði FRÍ.



**Ávörp gesta:**

1. Hafsteinn Pálsson, í stjórn ÍSÍ

Kveðja frá forseta ÍSÍ, stjórn og starfsmönnum. Erfiðir tímar. Lottó og getsþá.

Samskiptaráðgjafi kominn til starfa hjá ÍSÍ.

Hafsteinn heiðrar fjögur úr frjálsíþróttahreyfingunni.

Silfurmerki ÍSÍ:

Björn Pétursson

Eggert Bogason

Ragnheiður Ólafsdóttir

Gullmerki ÍSÍ:

Gunnar Svavarsson

2. Ágúst Bjarni Garðarsson, formaður bæjarráðs Hafnarfjarðar  
Þakfir fyrir að halda úti starfi við þessar aðstæður. Íþróttabærinn Hafnarfjörður til umfjöllunar.  
Deildin unnið þrekvirki undir forystu feðganna Haraldar Sigurðssonar og Sigurðar Haraldssonar.

3. Úlfur Linnet, formaður Frjálsíþróttadeildar FH  
Velgengni byggir á samheldni og samstarfi.

4. Lilja Dögg Alfreðsdóttir, ráðherra íþróttar  
Framlag sjálfboðaliða innan íþróttahreyfingarinnar algerlega ómetanlegt.  
Gróska í frjálsum.  
Starfshópur um stöðu og aðstöðu frjálsra, m.t.t. þjóðarleikvangs.  
Góð fjárfesting í ungu fólki.  
Þakka forystu frjálsíþróttahreyfingarinnar fyrir að halda málum þjóðarleikvangs stöðugt á lofti.

### Heiðursviðurkenningar Frjálsíþróttasambandsins

Bronsmerki FRÍ:

Aðalheiður María Vigfúsdóttir, Breiðabliki  
Atli Örn Guðmundsson, Ármanni  
Ágúst Jónsson, Fjölni  
Einar Bárðarson, Hengill Ultra  
Guðmundur Nikulásson, HSK  
Ingvar Sverrisson, ÍBR  
Jóhann Ingibergsson, FH  
Kristján Sigurgeirsson, Breiðabliki  
Margrét Brynjólfsdóttir, HHF  
Ómar Bragi Stefánsson, UMFÍ

Silfurmerki FRÍ:

Einar Haraldsson, HSK  
G. Pétur Guðmundsson, ÍR  
Helgi Björnsson, ÍR  
Hörður Gunnarsson, Ármanni  
Ívar Benediktsson, íþróttufréttamaður  
Kristján Þór Harðarson, Breiðabliki  
Lovísa Hreinsdóttir, UÍA  
Rannveig Oddsdóttir, UFA  
Unnur Sigurðardóttir, FH  
Örvar Ólafsson, Ármanni

Gullmerki FRÍ:

Engilbert Olgeirsson, HSK  
Fríða Rún Þórðardóttir, ÍR

Heiðursfélagar FRÍ:

Ragnheiður Ólafsdóttir, FH  
Þorsteinn Þorsteinsson, FRÍ  
Þráinn Hafsteinsson, ÍR

Hér var stutt hlé gert á þinghaldi meðan kaffi var sötrað og smjattað á sætindum, hvort tveggja í boði Hafnarfjarðarhrepps.

Dagskrá síðan framhaldið.

Formaður flytur skýrslu stjórnar fyrir kjörtímabilið (2018-2020).

Stiklar hann á stóru en vísar annars á vefinn, þar sem skýrslan er aðgengileg.

Gjaldkeri leggur fram ársreikninga 2018 og 2019.  
Umræður um skýrslu og reikninga, enginn óskaði eftir að taka til máls.  
Kjörbréfanefnd skilaði af sér, 23 skráðir fulltrúar á staðnum.  
Framlagðir reikningar bornir upp og samþykktir samhljóða.

### Framlagning mála

Þingforseti leggur fram tillögu um vinnubrögð:

„Þingheimur samþykkir að til að þingstörf gangi sem best fyrir sig að allar almennar umræður um einstaka tillögur fari fram í þingnefndum, þar komi breytingatillögur fram til umræðu.

Stefnt skuli að því að þingnefndir leggi fram eina sameiginlega tillögu til afgreiðslu eftir að nefndarstörfum lýkur. Við afgreiðslu þingmála er frumtillögu svo breyttri ef það á við til afgreiðslu og aðeins hægt að leggja fram frávísunartillögu.

Í ljósi fyrirkomulags þings og fjarveru fulltrúa vegna COVID munu nefndir og þingheimur skoða sérstaklega að vísa málum sem þarfnast dýpri umræðu til starfsnefnda eða stjórnar á milli þinga.

Byggir sá möguleiki á heimild í lögum FRÍ til handa stjórn til setningar reglugerða á milli þinga.

Samkvæmt starfsreglum stjórnar fara þær breytingar sem teljast verulegar til kynningar innan aðildarfélaga.“

Þessi tillaga samþykkt og málum vísað til nefnda, umræðulaust og án mótatkvæða.

### Kosningar

Tillögur uppstillinganefndar kynntar og allar samþykktar með lófataki.

Formaður: Freyr Ólafsson

Stjórn: Aðalbjörg Hafsteinsdóttir

Guðlaug Baldvinsdóttir

Gunnar Svavarsson

Kári Steinn Karlsson

Varastjórn: Björgvin Víkingsson

Fjóla Signý Hannesdóttir

Eiríkur Mörk Valsson

Kristín Birna Ólafsdóttir-Johnson

Björg Ágústsdóttir

Formenn fastanefnda FRÍ:

Fjárhagsnefnd: Guðlaug Baldvinsdóttir

Fræðslu og útbreiðslunefnd: Gunnhildur Hinriksdóttir

Mannvirkjanefnd: Sigurður Haraldsson

Öldungaráð: Hafsteinn Óskarsson

Dómaranefnd: Björgvin Brynjarsson

Langhlaupanefnd: Óskar Jakobsson

Mótanefnd: Eiríkur Mörk Valsson

Íþrótt- og afreksnefnd: Magnús Valgeir Gíslason

Laganefnd: Guðmundur Heiðar Guðmundsson

Orðunefnd: Freyr Ólafsson

Skráningarnefnd: Bergur Hallgrímsson

Unglinganefnd: Bjarni Arnby Lárusson

Uppstillinganefnd: Magnús Jakobsson, Sigríður Anna Guðjónsdóttir og Hreinn Ólafsson

Fulltrúar á þing ÍSÍ: Freyr Ólafsson, Guðlaug Baldvinsdóttir og Gunnar Svavarsson

Skoðunarmenn reikninga: Kristinn Guðlaugsson og Hannes Strange

Að kosningum loknum var gengið til kvöldverðar í boði Hafnarfjarðarbæjar. Samhliða borðhaldi og í kjölfar þess funduðu þingnefndirnar þrjár.

---

### Umræður og afgreiðsla þingmála

**Fjárhagsnefnd, Haraldur:** tvær tillögur til umfjöllunar í nefndinni. Númer 25 um fjárhagsáætlun FRÍ fyrir árin 2020 og 2021. Nefndin leggur til að áætlunin verði samþykkt og þingheimur sammála. Númer 15 um breytingu á reglugerð um afrekssjóð FRÍ. Nefndin leggur til að málinu verði vísað til stjórnar og var það samþykkt.

**Laganefnd, Guðmundur H.:** tvær tillögur til umfjöllunar í nefndinni, númer 19 og 20. Báðar afleiðing af breyttu heiti alþjóðafriðsambandsins sem hét IAAF en heitir nú World Athletics. Nefndin leggur til að báðar tillögur verði samþykktar og þingið sammála því. Því skal uppfæra lög og reglugerðir FRÍ eftir því sem við á til samræmis við hið nýja heiti.

### Allsherjarnefnd, Sig. Haraldsson

Tillaga um breytingu á Meistaramóti Íslands 11-14 ára í 12-15 ára og það sem því fylgir: Skipuð verði millipinganevnd um málið, skipuð fulltrúum frá HSK, ÍR, FH, Ármanni, Breiðabliki og UFA. Tilnefningar skuli koma innan viku frá þinglokum og hópurinn skili tillögum/álitum til næsta Frjálsíþróttáþings.

Þessi tillaga nefndarinnar samþykkt einum rómi af þinginu.

Afgreiðslan tekur til tillagna 1,2,3,5,6,7,8,9,10,11,12, 14 og 17.

Málaflokkurinn fékk svipaða afgreiðslu á síðasta þingi, en aldrei varð af skipan starfshópsins.

Tillaga númer 4 varðar reglugerð um kastahöld og grindur, um að grindahlaup 15 ára pilta utanhúss verði 80 metrar.

Nefndin leggur til samþykkt tillögunnar og varð þingheimur við því.

Tillaga 13 er um endurskoðun á úthlutun móta á vegum FRÍ.

Vísað til Mótanefndar og stjórnar.

Tillaga 16: um kröfur til valla. 4 brautir í stað 6 á mótum í aldursflokknum 11-14 ára.

Samþykkt.

Tillaga 18: keppnistímabil innanhúss verði fært fram í tíma.

Nefndin leggur til að Mótanefnd verði falið að athuga hvort vinna megi úr tillögunni hugmyndir að breytingum á mótafyrirkomulagi. En í heild sinni verði tillögunni hafnað.

Þingheimur styður niðurstöðu allsherjarnefndar.

Tillögur 21 og 22: Um að á Meistaramótum í fjölþrautum verði bætt inn keppnisflokkum 18-19 ára stúlkna í fimmtarþraut innanhúss og sjöþraut utanhúss.

Að tillögu nefndarinnar samþykkir þingið breytinguna.

Tillaga 23: 3000 m hlaup inn hjá 15 ára og 16-17 ára stúlkum á MÍ 15-22 utanhúss.

Samþykkt.

Tillaga 24: Um keppnisgreinar í Bikarkeppni FRÍ utanhúss, 400 m grindahlaupi bætt við.

Ánægjulegt að þeirri hefð skuli haldið við að leggja til breytingar á Bikarkeppni, fá Íþróttáþing sem ekki hafa fengið þetta verkefni.

Nefndin gerði breytingar á upphaflegu tillögunni og leggur fyrir þingið þessa tillögu:

Keppnisgreinar og niðurröðun þeirra skal vera með eftirfarandi hætti annað hvert ár:

Karlar: 100 m hlaup, 400 m hlaup, 1500 m hlaup, 110m grindahlaup, 400 m grindahlaup, 1000 m boðhlaup, langstökk, stangarstökk, kúluvarp og sleggjukast.

Konur: 100 m hlaup, 400 m hlaup, 1500 m hlaup, 100 m grindahlaup, 400 m grindahlaup, 1000 m boðhlaup, hástökk, þristökk, kringlukast og spjótast.

Keppnisgreinar og niðurröðun þeirra skal vera með eftirfarandi hætti annað hvert ár:  
Karlur: 100 m hlaup, 400 m hlaup, 800 m hlaup, 3000 m hlaup, 110 m grindahlaup, 1000 m  
boðhlaup, hástökk, þristökk, kringlukast og spjótkest.  
Konur: 100 m hlaup, 400 m hlaup, 800 m hlaup, 3000 m hlaup, 100m grindahlaup, 1000 m  
boðhlaup, langstökk, stangarstökk, kúluvarp og sleggjukast.

Svohljóðandi er tillagan samþykkt einróma af þinginu.

---

### **Önnur mál**

Súsanna Helgadóttir, fráfarandi formaður Unglinganefndar, þakkar fyrir gott samstarf.

Úlfar Linnet: Léttar og hvetjandi hugmyndir um hvernig gera má frjálsar sýnilegar, t.d. á  
bæjarhátíðum (40 m hlaup, langstökk án atrennu, kúluvarp – og ís í verðlaun!).

Þingforseti þakkar starfsmönnum FRÍ og öðrum sem að komu mikið og gott framlag fyrir þing og á  
þingi.

### **Lokaorð formanns**

Þakkir til allra í hreyfingunni og þá sérstaklega til stjórnar og þeirra nefndarmanna sem hætta núna.

Anton og Símon, hönnuðir nýs merkis, kallaðir upp og klappað fyrir þeim.

Starfsmenn á skrifstofu kallaðir upp, þökkuð vel unnin störf.

Þingi slitið kl. 20:50